

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

*Helluvað 3, Rangárvöllum, deiliskipulag frístundasvæðis.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 14. janúar 2015, tillögu að deiliskipulagi frístundasvæðis úr landi Helluvaðs 3. Svæðið er um 16 ha að stærð og gert verður ráð fyrir 6 lóðum undir sumarhús. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hellu, 28. janúar 2015.*

F.h. Rangárþings ytra,

**Haraldur Birgir Haraldsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.